

frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast kr. 600.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Kristján Nielsen, greiði stefnda, Sigríði Nielsen, ómaksbætur, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. júní 1955.

Nr. 179/1953. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)

gegn

**Jóni Finnbogasyni** (Sigurður E. Ólason).

Dómenður:

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skjalafals. Brot á lögum um bókhald og fasteignasölu.

**Dómur Hæstaréttar.**

Framhaldspróf hafa farið fram í máli þessu samkvæmt úrskurði Hæstaréttar frá 26. nóvember 1954.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, sem eigi hafa haggast af skýrslum í framhaldsprófunum, þykir bera að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Finnbogason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júní 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 9. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1998/1953: Ákærvaldið gegn Jóni Finnbogasyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Í máli þessu er Jón Finnbogason, Þórgötu 13, hér í bæ, með ákæruskjali útgefnu 20. marz s.l. ákærður fyrir brot gegn lögum um fasteignasölu nr. 47/1938, 1. gr. sbr. 11. gr., en ákvæði þessi telst ákærði hafa brotið með því að reka fyrirtækið Fasteignasölumiðstöðina og annast kaup og sölu fasteigna fyrir aðra frá því í júní f. á., án þess að hafa löggildingu sem fasteignasali. Þá er hann með ákæruskjali, útgefnu 23. marz 1953, ákærður fyrir fjárdrátt, skjala-fals og fölsun verzlunarbókar samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 158. gr. og 1. mgr. 247. gr., og lögum nr. 62/1938, 20. gr. Ákvæði þessi þykir ákærði hafa brotið með því að selja í júní eða júlí 1951 fyrir Birnu Björnsdóttur Lövdal, Drápuhlíð 44, Birni bankafulltrúa Ólafs, Ásvallagötu 24, víxil samþykktan af Birnu, að fjárhæð kr. 30.000.00, fyrir kr. 28.000.00, en standa Birnu síðan ekki skil á nema kr. 9000.00 af andvirði víxilsins, þ. e. fyrst kr. 7000.00, svo kr. 1800.00 og loks tvisvar kr. 100.00, og færa ranglega í viðskiptamannabók Fasteignasölumiðstöðvarinnar, bls. 61, greiðslur til Birnu á andvirði nefnds víxils, samtals kr. 28.157.00, er hún samkvæmt nefndum færslum á að hafa fengið greiddar með þessum upphæðum: kr. 8500.00, 6500.00, 3657.00, 4000.00, 2000.00 og 3500.00.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu bóta og sakarkostnaðar og sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, sem fæddur er 1. október 1907, hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1947 2/12 Rvík. Sátt. 60 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.  
 1948 15/1 Rvík. Sátt. 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.  
 1948 7/4 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði og ólæsilegt skráningarmerki bifreiðar.  
 1948 13/11 Rvík. Áminning fyrir 10. gr., sbr. 28. gr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur.  
 1948 11/12 Rvík. Dómur lögregluréttar. 600 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum, umferðarlögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.  
 1950 15/2 Rvík. Dómur Hæstaréttar. 1500 kr. sekt. Annað óbreytt.  
 1951 20/3 Rvík. Sátt. 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.  
 1951 12/7 Rvík. Sátt. 150 kr. sekt fyrir vanrækslu á skoðun bifreiða.  
 1951 21/8 Rvík. Kærður fyrir vanrækslu á standsetningu bifreiðar. Fellt niður.

- 1952 27/2 Rvík. Dómur. Sýknaður af ákæru fyrir brot á 157. og 247. gr. hegnl.
- 1952 2/4 Rvík. Kærður fyrir ávísanasvik. Felld niður.  
Málavextir eru þessir:

## I.

Með bréfi, dags. 23. september s.l., kærði lögreglustjórinn í Reykjavík til sakadómara yfir því, að ákærði ræki fasteignasölu hér í bæ án nauðsynlegra réttinda.

Við rannsókn málsins upplýstist eftirfarandi:

Árið 1943 stofnuðu þeir Áki Jakobsson hdl. og Gísli nokkur Indriðason fyrirtækið Fasteignasölumiðstöðina hér í bæ. Fyrirtækið skyldi annast kaup og sölu fasteigna. Fyrirtækið var skráð sem sameignarfélag Áka og Gísla.

Árið 1948 seldi Gísli ákærða hlut sinn í fyrirtækinu. Talað var við Áka um, að ákærði gerðist félagi hans um reksturinn. Áki tók vel í það, en gerði það að skilyrði, að þeir gerðu með sér samning, eins og þeir Gísli höfðu. Ekkert varð þó úr þessu, svo að Áki leit þannig á, að Fasteignasölumiðstöðin væri alls ekki rekin eftir þetta á vegum sínum né með heimild frá sér. Áki lét afskrá Fasteignasölumiðstöðina í júní 1952 til þess að taka af allan vafa um, að hann bæri ábyrgð á starfsemi ákærða. Ákærði taldi Áka hafa verið féлага sinn um rekstur fyrirtækisins og áleit, að hann hefði gengið inn í samning Gísla Indriðasonar við Áka. Ákærði hagar rekstri fyrirtækisins á þá leið, að hann annast um að koma sölum fasteigna á, en fær lögfræðinga til að gera kaupsamninginn. Hefur hann þessu til sönnunar tilnefnt nokkra lögfræðinga. Hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest, að rétt sé hermt frá hjá ákærða að þessu leyti. Ákærði hefur ekki löggildingunni sem fasteignasali.

Eins og ljóst er af framangreindu, hefur ákærði rekið og rekur enn fasteignasölu að öllu leyti upp á eigin spýtur, án þess að þar sé í fyrirsvari nokkur, sem löggildingunni eða réttindi hefur til að stunda slíkan atvinnurekstur. Ekki getur það leitt til sýknu, þótt ákærði hafi fengið lögmenn til að gera fyrir sig samninga um sölu fasteigna, sem hann hafði sjálfur komið í kring. Ákærði rekur að öllu leyti einn fasteignasölufyrirtækið, ber sjálfur ábyrgð á rekstrinum og vinnur sjálfur að því að koma sölunum á. Með þessu hátterni sínu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 47 frá 1938 um fasteignasölu.

Við mat refsingar þykir rétt að hafa í huga, að ákærði hefur leitað til lögmanna um samningsgerð og þar með að nokkru fullnægt tilgangi laga nr. 47/1938.

## II.

Með bréfi, dagsettu 15. maí 1952, kærði Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður fyrir hönd frú Birnu Björnsdóttur Lövdal, Drápuhlíð 44, yfir því, að ákærði hefði ekki staðið henni skil á nema 9000.00 kr. af 30.000.00 kr. víxilfjárhæð samkvæmt víxli, er ákærði hefði

tekið að sér að koma í fé fyrir Birnu. Víxill þessi, sem síðar hefur verið lagður fram í málinu, er gefinn út 11. júní 1951, samþykktur af Birnu Björnsdóttur og útgefinn af Ön. Ásgeirssyni f. h. Hreins Pálssonar, Sörlaskjólí 12. Gjaldddagi víxilsins er 30. september 1951. Víxilfjárhæð 30.000.00 kr.

Ákærði og Birna Lövdal komu fyrir dóm út af þessu kæruefni hinn 31. maí 1952. Kvaðst ákærði þá hafa keypt víxilinn af Birnu fyrir kr. 28.000.00 eða þar um bil og greitt Birnu þessa upphæð í mörgu lagi. Síðar kvaðst hann hafa fengið Gunnari Jónssyni héraðs-dómslögmanni víxilinn til innheimtu. Birna Björnsdóttir Lövdal skýrði svo frá, að ákærði hefði tekið að sér að selja víxilinn fyrir hana. Skömmu síðar hefði ákærði greitt henni í skrifstofu sinni 7000.00 upp í víxilfjárhæðina. Síðan hefði hún fengið 1800.00 króna greiðslu, er hún hefði kvittað fyrir, og enn síðar 200 kr. Hefði hún ekki fengið meira greitt fyrir víxil sinn. Hún kvaðst oft hafa gengið eftir greiðslu, en ekki fengið annað en loforð. Eftir gjaldddaga hafi svo verið gengið eftir greiðslu, og hefðu hún og maður hennar orðið að greiða fjárhæðina að fullu.

Var að lokinni yfirheyrslu farið með ákærða til skrifstofu hans, en þar afhenti hann kvittun fyrir 1800.00 kr., undirritaða af Birnu, dagsetta 12. júlí 1951. Því næst var farið með ákærða til heimilis hans, og afhenti hann þar viðskiptamannabók, merкта „Fasteigna-sölumiðstöðin“. Á bls. 61 í bók þessari er skráð á þessa leið:

Birna Lövdal

An: Víxill		30.000—
Peningar	8500—	
—	6500—	
—	3657—	
—	4000—	
—	2000—	
—	3500—	

Á spássiú er ritað þvert á meginmál: „Innh. G. Jóns“.

Enn fremur tók dómarrinn í sínar vörzlur blað, er hann sá af hendingu á skrifborði ákærða. Á blað þetta voru ritaðar með bleki þessar tölur:

8500	8500	8500
1800	6500	6500
4000	4000	4000
3500	3500	2000
2000	2000	3657
2000	3000	_____
3657	3657	24657
_____	_____	3500
25457	657	_____
2000		28157
2000		
_____		

Er ákærði var yfirheyrður fyrir dómi að þessu loknu, hélt hann því fast fram, að tölurnar á bls. 61 í viðskiptamannabókinni sýndu réttilega, hvernig hann hefði innt af höndum greiðslur til Birnu. Hefði hann fært þrjár fyrstu greiðslurnar inn í einu lagi í samráði við Birnu, er hún hefði komið til hans í skrifstofu hans einhverju sinni, en hinar greiðslurnar jafnóðum og þær voru inntar af höndum. Er hann var spurður um, hvers vegna 1800 króna greiðslan til Birnu (sbr. kvittunina) kæmi ekki fram í færslunum, kvað hann hana mundu vera innifalda í tölunni 3657, enda mundi hann hafa dregið greiðslurnar eitthvað saman.

Þess er að geta, að allar færslurnar á bls. 61 í viðskiptamannabókinni virðast skrifaðar með sama penna og sams konar bleki, og af útliti þeirra virðist mjög líklegt, að þær muni allar ritaðar í sama skipti, þótt um það verði ekkert fullyrt.

Um blað það, er áður getur, sagði ákærði, að hann hefði ritað það, sem á því stendur, og mundi það vera í sambandi við greiðslurnar til Birnu. Ekki kvaðst hann muna, hvenær blaðið væri ritað, og ekki gat hann gefið skýringar á upphæðum þeim, sem þar eru skráðar, kveðst „bara hafa verið að fikta eitthvað í þessu“.

Var ákærði, er hér var komið, settur í gæzluvarðhald, og var hann í því til 7. júní.

Birna Lövdal hefur að öllu leyti haldið við fyrsta framburð sinn um greiðslur þær, er hún hafi fengið frá ákærða, að öðru leyti en því, að þær 200 kr., er hún fékk síðast, hafi hún fengið í tvennu lagi, 100 kr. í hvert skipti. Um færslurnar í viðskiptamannabókinni segir Birna, að tilhæfulaust sé, að hún hafi tekið við nokkurri af þeim upphæðum, er þar eru skráðar.

Er ákærði kom fyrir dóm 5. júní, afhenti hann enn blað, er hann þóttist hafa fundið í vasa sínum, og á væri greinargerð um greiðslur til Birnu. Á blað þetta er ritað sem hér segir:

Peningar til Birnu

8500 þús

1800 þús

1000 —

2200 —

3657 —

Hélt ákærði því nú fram, að hann hefði ritað þessar tölur í viðurvist Birnu, týnt síðan blaðinu um sinn og fært 3 fyrstu tölurnar á bls. 61 í viðskiptamannabókina eftir minni.

Ákærði hélt og við fyrri framburð um, að hann hefði sjálfur keypt víxlinn og ekki haft fé til að greiða hann út í einu lagi. Þar sem vitneskja var þá fengin um, að Björn Ólafs bankafulltrúi hefði tekið við víxlinum og greitt ákærða hann í einu lagi, var gengið frekar á ákærða um þetta. Kvað hann það þá rétt, að Björn hefði tekið við víxlinum og greitt sér fjárhæð, sem ákærði kveðst ekki muna, hver hafi verið. Um orsökina til þess, að hann greiddi ekki

Birnu í einu lagi þegar í stað upphæð þá, er hann tók við af Birni, sagði ákærði, að hann hefði ekki náð til Birnu strax og síðan ekki vitað, fyrr en hann var farinn að lána peningana út. Ekki kveðst ákærði hafa selt Birni vixilinn, heldur afhent honum hann að handveði. Hefði Björn Ólafs síðan fengið Gunnari Jónssyni vixilinn til innheimtu í samráði við ákærða, og hefði Gunnar að innheimtu lokinni greitt ákærða vixilfjárhæðina að mestu leyti, en að nokkru leyti Birni Ólafs. Er Gunnar Jónsson var yfirhreyður, kvað hann tilhæfulaust með öllu, að hann hefði skipt neitt við ákærða út af vixli þessum, heldur hefði hann innheimt vixilinn eftir beiðni Björns Ólafs og staðið Birni skil á greiðslunni að öllu leyti. Ekki lét ákærði af staðhæfingum sínum um, að innheimtan hefði farið fram að tilhlutan hans, fyrr en hann og Gunnar voru samprófaðir, en þá sagði ákærði, að sig minnti, að hann hefði komið vixlinum til innheimtu, en vera mætti, að það væri rangt.

Björn Ólafs kveðst hafa selt vixilinn fyrir kr. 27.600.00 og greitt ákærða af því kr. 27.000.00, en tekið mismuninn í þóknun. Auk þess hafi um leið verið gerð upp smáskuld, er ákærði stóð í við Björn. Fyrir dómi 24. september f. á. kvað ákærði þessa frásögn Björns vera rétta.

Upplýst er í málinu, að Ingibergur Lövdal, eiginmaður Birnu, og Hreinn Pálsson, útgefandi vixilsins, greiddu Gunnari Jónssyni hdl. vixilinn með kr. 33.014.00, er sundurliðast þannig: Vixilfjárhæð kr. 30.000.00, vextir kr. 214.00,  $\frac{1}{8}$ % vixilþóknun, kr. 100.00, og málskostnaður kr. 2700.00. Einnig er upplýst, að Hreinn fékk endurgreitt það, sem hann hafði lagt út.

Birna Lövdal hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni í bætur kr. 24.014.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1952 að telja, en tala þessi fæst með því að taka framangreinda upphæð, kr. 33.014.00, og draga frá henni kr. 9000.00, sem sé þá upphæð, er Birna hefur viðurkennt að hafa tekið við frá ákærða. Síðan hefur Birna lækkað kröfuna niður í kr. 23.914.00, með því að ákærði hafi einhverju sinni greitt fyrir hana veitingagjald á Hótel Borg að upphæð ca kr. 100.00.

Birna Lövdal hefur í máli þessu haldið því staðfastlega fram, að hún hafi ekki tekið við nema 9000.00 krónum til greiðslu á vixilfjárhæðinni og auk þess greiðslu á veitingagjaldi, sem áður greinir. Framburð sinn hefur hún staðfest með eidi.

Ákærði hefur að vísu aldrei viðurkennt annað en að hann hafi, um það er lauk, greitt Birnu vixilfjárhæðina að fullu eða því sem næst (kr. 28—29.000.00), en hann hefur þó, að vísu eftir mikla vafninga, játað, að hann hafi tekið við greiðslu að upphæð kr. 27.000.00, án þess að greiða Birnu út þá þegar upphæðina, og að hann hafi þá tekið að ráðstafa peningum þessum til útlána. En telja verður sannað, að hann hafi raunverulega selt Birni Ólafs vixilinn fyrir hönd Birnu og því verið óheimilt að ráðstafa fénu með nefndum

hætti. Skrásetning ákærða í viðskiptamannabók sína á greiðslum, er hann telur sig hafa innt af höndum til Birnu, er með þeim hætti, þegar hliðsjón er höfð af öðrum skrifum ákærða um þetta, að mjög eindregnar grunsemdir vakna um, að ákærði hafi eftir á vísvitandi skráð rangt í bókina í blekkingarskyni. Þegar loks er litið til þess, hve mjög framburður ákærða í máli þessu hefur verið sér ósamkvæmur og í ýmsum atriðum sannanlega rangur, svo sem áður hefur verið rakið, þykir verða að telja, að næg sönnun sé fengin að því, að ákærði hafi aldrei greitt Birnu Lövdal meira af andvirði víxils þess, er hann seldi fyrir hana, en Birna hefur skýrt frá. Verður að líta svo á, að mismuninn hafi hann dregið sér í auðgunarskyni. Varðar þessi verknaður við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af þessu leiðir, að sannað telst, að ákærði hafi fært ranglega í viðskiptamannabók sína greiðslur til Birnu Lövdal, svo sem að framan greinir. Varðar það við 158. gr. hegningarlaga og 20. gr. laga um bókhald nr. 62/1938.

### III.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 11. gr. laga nr. 47/1938, 158. og 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga og 20. gr. laga nr. 62/1938 hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Ekki eru skilyrði til að láta gæzluvarðhaldsvist ákærða koma refsingunni til frádráttar.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Dæma ber ákærða til að greiða Birnu Björnsdóttur Lövdal kr. 23.914.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1952 til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 700.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns.

### Dómsorð:

Ákærði, Jón Finnbogason, sæti fangelsi 8 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Birnu Björnsdóttur Lövdal innan 15 daga frá birtingu dóms þessa kr. 23.914.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1952 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 700.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.